

1. fundur skólaráðs Foldaskóla skólaárið 2020-2021 haldinn föstud. 16. okt. 2020 kl. 8:20 (fjarfundur)

Mætt voru: Krístrún Guðjónsdóttir skólastjóri, Þórgunnur Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Karen Björk Guðjónsdóttir og Tinna Arnardóttir fulltrúar kennara, Sigrún Helga Jónsdóttir fulltrúi starfsfólks, Elín Heiður Gunnarsdóttir og Sverrir Óskar Elefsen fulltrúar foreldra, Auður Árnadóttir og Vigfús Þór Helgason fulltrúar nemenda.

Fundur var settur af Krístrúnu. Gengið til dagskrár.

Dagskrá:

- Skipan og verkefni skólaráðs
- Boðun funda, dagskrá, fundaritun og fundartími
- Starfsáætlun skólaráðs yfirfarin
- Áherslur vetrarins/starfsáætlun/umbótaáætlun
- Önnur mál

Skipan og verkefni skólaráðs

Krístrún kynnir fulltrúa í skólaráði og kynnir síðan starfsreglur ráðsins en þar segir meðal annars að við grunnskóla skuli starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla. Ráðið setur sér vinnuáætlun og verkefnaskrá fyrir skólaárið, ákveður hve oft verður fundað, á hvað er lögð áhersla o.s.frv. Fundargerðir skólaráðs eru síðan birtar á vefsíðu skólans. Sagt var frá að skólaráð skuli skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Boðun funda, dagskrá, fundaritun og fundartími

Ætlast er til að skólaráð fundi einu sinni á ári með nemendaráði skólans – tillögur að fundartíma eru föstudagar 16. okt, kl. 8:20-9:30 4. des. 22. janúar 19. mars og 28 maí. Engar athugasemdir voru við þær tímasetningar.

Starfsáætlun skólaráðs yfirfarin

Krístrún sagði að starfsáætlun þessa skólaárs byggi á starfsáætlun síðasta árs sem engar athugasemdir voru gerðar við af Skóla og frístund þá. Skólaráð samþykkir starfsáætlun skólans.

Áherslur vetrarins/starfsáætlun/umbótaáætlun

Áhersla lögð á að horfa til Menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ í öllu starfi. Áhersla á félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði þrjú verkefni í gangi - Þróunarverkefni

- Vertu velkomin/nn í hverfið okkar - Viltu tala íslensku við mig? Stendur til að taka upp myndband í skólunum til að kynna verkefnið. Efla fjölmenningslegt lærdómssamfélag. Í hverjum skóla verður svokallað Íslenskuþorp sem stofnað er í kringum barnið.
- Tæknisilld og sköpunargáfa – valdefling nemenda í gegnum tækni og sköpun
 - Auka vægi sköpunar og tækni í öllum skólastarfi og bæta aðgengi vegna þessarar þátta í skólastarfinu. Námskeið hafa verið fyrir kennara þessu tengt.
- Heildstæð kynfræðsla
 - Samstarfsverk. skóla heilsugæslu félagsmiðstöðvar og skóla og frístundasviðs. Byrjað fyrir 2 árum með unglingsstigið. Byrjað á miðstigi í fyrra og í ár stóð til að fara inn á yngsta stig en ákveðið í ljósi aðstæðna að leggja áherslu á unglingsstig og miðstig.

Umhverfi og heilsa – erum Grænfánaskóli og viljum viðhalda og þróa það starf.

Leiðsagnarnám - efla og festa í sessi

Læsi - Komin út lestaráætlun hverfisins, þurfum að samræma hana okkar. Lestrarvinir - bíðum eftir að geta hafið það verkefni aftur.

Leikjavinir – samfélagsleg ábyrgð og virkni þar sem eldri nemendur leiðbeina yngri í leik í frímínútum
Upright – áhersla á seiglu nemenda í einum eða tveimur árgöngum

Kristrún ræddi síðan lauslega um aðstæðurnar í skólanum í haust í ljósi þeirra aðstæðna nú ríkja í þjóðfélaginu.

Hert hefur verið á hólfun með því að létta á kaffistofu starfsfólks og setja hana upp á tveimur stöðum, matur er skammtaður, meiri þrif og sótthreinsun, tryggt hefur verið aðgengi að spritti og sótthreinsiefnum í öllum rýmum, minni og færri fundir, lögð áhersla á fjarfundi. Starfsfólk og nemendur með kvef eða önnur veikindaeinkenni heima, nýttur hefur verið sá sveigjanleiki sem möguleiki er á í vinnutíma t.d. vegna undirbúnings, nemendur koma inn um ákveðna innganga á svæðin sín auk þess sem skólinn er læstur og gestakomur takmarkaðar eins og mögulegt er.

- Íþróttakennsla utandyra og sund fellt niður.
- Foreldraviðtöl með breyttu sniði í ljósi aðstæðna.
- **Mikil áhersla persónulegar sóttvarnir**, þar sem hver og einn leggur upp með það að verja sjálfan sig og aðra hafa skipt mestu máli. Starfsfólk hvatt til að nota grímur.

Ekki hægt að vera með kynningarfundir í haust en lögð áhersla á að skólinn og kennarar séu í góðu sambandi við heimilin.

Önnur mál

Vigfús spyr um hvort nemendur eigi að vera heima ef þeir eru með flensueinkenni. Kristún segir að mælst sé eindregið til þess að fólk sé heima ef það sé með einkenni.

Karen spyr út í Upright verkefnið, um hvað það snúist. Þórgunnur svarar.

Rætt um hvernig samráðsdagur gekk. Sverrir ánægður með fjarfundi og Elín upplifði að það vantaði þessa persónulega tengingu sem fylgir því að hitta fólk augliti til auglitis. Fólk saknaði þess að geta ekki komið í skólann. Símafundir og fjarfundir voru í bland en staðan í skólanum er sú að það eru ekki allir kennarar með fartölvur/búnað til fjarfunda.

Fundi slitið kl. 9:30
Þórgunnur Stefánsdóttir

